



# Námsáætlun

**LIST3sa05 vorönn 2021**

## **Kennari:**

Stefán Jónsson ([stefanj@fg.is](mailto:stefanj@fg.is))

## **Áfangalýsing**

Í áfanganum verður listasaga Vesturlanda frá popplísta til dagsins í dag kennd. Fjallað verður meðal annars um popplísta, minimalisma, hugmyndalist og póstmóðernisma. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem tengjast stíltímabilum, leita upplýsinga og ítarefnis í ólíkum miðlum og kynna rannsóknarniðurstöður fyrir samnemendum sínum. Farið verður á myndlistarsýningar þar sem nemendur kynnast því sem boðið er upp á í samtímamyndlist í sýningarsölum höfuðborgarsvæðisins og verkefni unnin í tengslum við vettvangsferðirnar. Nemendur verða þjálfaðir í vinnu verkefna um sögu og sögulega þróun með því að greina atburði og hugmyndir á tímabilinu.

## **Markmið**

### **Þekking**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu einkennum myndlistar síðustu 60 ára
- nöfnum og verkum helstu myndlistarmanna á tímabilinu
- hvernig verk myndlistarmanna geta verið ólík þótt þau tilheyri sama stíl
- hvernig myndlist einstakra myndlistarmanna breytist með tíma og breyttum viðhorfum
- hvernig samfélagsgerð og tíðarandi hefur áhrif á hugmyndir, viðfangsefni og útfærslu verka myndlistarmanna

### **Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- miðla sögulegri þekkingu

### **Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- bera saman, finna tengsl, einfalda og draga ályktanir af listasögunni og þróun hennar
- vinna sjálfstætt og setja fram sögulegar greiningar
- vinna skipulega með sögulegan texta og setja fram á rökrænan hátt
- greina sögulega þróun myndlistar og samhengi hennar



## Kennslugögn:

1. Saga listarinnar e. E.H.Gombrich
2. Ýmsar vefsíður
3. Glæsur
4. Annað efni frá kennara

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.	Kynning á áfanganum.		
02. 1.-5. mars	Frumpopp: Rauschenberg, Johns.	Verkefni 1	
03. 08-12. mars	Popplíst: Warhol, Hockney, Erró, Hildur Hák.	Verkefni 2	Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Evrópskt Popp: Klein, Manzoni, Christo, Hreinn Friðf.	Verkefni 3	Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	Minimalismi: Judd, Winsor, Ingólfur Arnarsson.	Próf 1 Verkefni 4	Miðannarmat 25.-26. mars
29. mars-6. apríl			Páskafrí
06. 07.-09. apríl	Hugmyndalist: Kosuth, Weiner, Kristján Guðm., Holzer, Kruger		Miðannarmat 7.-9. mars
07. 12.-16. apríl	Gjörningar, Ljósmyndir og aðrir miðlar: Abramovic, Sherman, Gjörningaklúbburinn	Próf 2 Verkefni 5	
08. 19.-23. apríl	Innsetningar: Barney, Katrín Sigurðardóttir.		Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	Íslensk Samtímamyndlist	Verkefni 6	
10. 03-07. maí	Nýexpressjónismi: Baselitz, Immendorf, Kiefer, Toller.	Verkefni 7	
11. 10.-14. maí	Graffiti og yfirtökulist; Basquiat, Haring, Bidlo, Sara Riel	Próf 3 Verkefni 8	Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí	Upprifjun		

## Námsmat:

1. Próf 30%
2. Verkefni 60%
3. Ástundun, virkni 10%

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá 5,0 í lokaeinkunn.

## Smiðja:

Smiðjutímar verða notaðir til vettvangsferða.